

Mál nr. 251/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega hjá S.

Sönnun orsakatengsla milli falls 27.8.2015 og óþæginda í hné.

Gögn.

1. Málskot móttækið 27.7.2017, ásamt fylgiskjölum nr. 1-11.
2. Bréf V dags. 9.8.2017.

Málsatvik.

M sem starfar sem stuðningsfulltrúi hjá S. Hún var að reyna að ná í heimilismann sem hljóp á eftir bifreið og lýsir atvikum þannig að við það hafi bæði hún og heimilismaðurinn dottið og hann ofan á M. Við það kveðst M hafa meiðst á vinstra hné. M krefst bóta úr slysátryggingu launþega S hjá V og telur ljóst að um orsakatengsl sé að ræða milli meiðsla hennar á vinstra hné og þess atviks sem hér ræðir um og skipti þá engu máli þó M hafi ekki leitað til læknis fyrr en fjórum og hálfum mánuði eftir að atvikið átti sér stað. M vísar til fyrirbyggjandi læknisvottorða og telur einsýnt skv. þeim að um orsakatengsl sé á milli óhappsins 27.8. 2015 og þeirra verkja í vinstra hné sem M hafi.

V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi fyrst leitað til læknis 12.1.2016 eða fjórum og hálfum mánuði eftir atvikið og tilkynning um slysið til Sjúkrátrygginga Íslands sé undirritað tæpum sjö mánuðum eftir slysið. V telur að mat Guðmundar Björnssonar læknis dags. 2.12.2016 á varanlegri örorku M hafi ekki þýðingu í máli þessu enda um tillögu að mati að ræða unna fyrir Sjúkrátryggingar Íslands. V segir engin samtímagögn liggja fyrir um það hvenær þau einkenni sem nú hrjá M hafi fyrst komið fram og gögn málsins sýni ekki fram á að atvikið hafi leitt til meiðsla M. Þá segir V að einkenni M geti allt eins komið fram við álag og/eða hægfara rýrnun. V telur orsakatengsl, milli atviksins 27.8.2015 og þeirra verkja sem hrjá M í vinstra hné, ósönnuð.

Álit.

Engin samtímagögn liggja fyrir um atvikið 27.8.2015. Ekkert liggur heldur fyrir um að M hafi orðið fyrir meiðslum eða hnjaski í umrætt sinn. Það er fyrst 12.1.2016 sem að fram kemur lýsing á meiðslum M og frásögn hennar um atvikið, miðað við gögn málsins. Af gögnum málsins er ekki sannað að M hafi orðið fyrir áverka sem hafi leitt til núverandi verkja hennar í vinstra hné. Orsakatengsl milli atviksins 27.8.2015 og verkja í vinstra hné M eru því ósönnuð. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu starfsmanna S hjá V.

Reykjavík 12.9. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.